Bæjarstjórn - 1952

FUNDARBOÐ

1952. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 9. apríl 2025 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2502223 - Lántaka 2025

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 3. apríl sl.

Lagt fram minnisblað. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins. Til samþykktar

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að heimila Hafnarfjarðarbæ, kt.590169-7579, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að

4.000 m.kr. og Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, kt. 570790-1029, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 150 m.kr. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2025 er heimild til lántöku A-hluta Hafnarfjarðarbæjar allt að kr. 5.873 m.kr. og hjá

Húsnæðisskrifstofu 150 m.kr. Lántakan getur m.a. verið í skuldabréfaflokknum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS 39, LSS 55, LSS 40 GB og LSS 29 GB og hefur sveitarstjórn kynnt sér

skilmála skuldabréfaflokkanna eins og þeir koma fyrir í töflunni hér að ofan og finna má á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar lánunum (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr.

sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Lántaka Hafnarfjarðarbæjar verður vegna fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins á árinu 2025, s.s. eins og nýs grunn- og leikskóla í Hamranesi, nýs bókasafns, búsetukjarna við

Smyrlahraun, gatnagerðar í nýju hverfi sveitarfélagsins og nýjum félagslegum íbúðum en þessi verkefni fela í sér að hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers

hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valdimari Víðissyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 100978-3509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarbæjar og Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að

móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

2. 2412631 - Almenningssamgöngur

3. liður úr fundargeðr bæjarráðs frá 3. apríl sl.

Lögð fram skjöl frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um stofnun félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Páll Björgvin Guðmundsson og Birgir B. Sigurjónsson frá SSH mæta til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóra verði veitt fullt umboð til undirritunar eftirfarandi skjala:

1. Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Almenningssamgangna ohf.

2. Samþykktir fyrir hlutafélagið Almenningssamgöngur ohf.

3. Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Almenningssamgöngur ohf.

Vísað til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

3. 2503087 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting miðsvæði Valla

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs 3. apríl sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, reitur M2. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á hæð húsa.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða og leggur því til við bæjarstjórn að málsmeðferð fari skv. 2. mgr. 36. grein skipulagslaga.

4. 2309533 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna varúðarsvæðis

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs 3. apríl sl.

Bæjarstjórn samþykkti 15. janúar sl. að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í skilgreiningu á landnotkun og afmörkun varúðarsvæðis í Hellnahrauni. Breytingin var kynnt á vinnslustigi tímabilið 14.11.-28.11.2024. Tillagan var í kynningu tímabilið 6.2-

26.3.2025. Umsagnir og samantekt lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við framkomnum ábendingum og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

5. 2503746 - Hamarshöfn, deiliskipulag

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs 3. apríl sl.

Páll Poulsen f.h. Hafnarfjarðarhafnar leggur 27.03.2025 inn tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hamarshöfn. Tillagan gerir ráð fyrir viðlegurými fyrir 60-70 báta auk rýmis fyrir stærri þjónustu- og farþegabáta við ytri flotbryggju. Tillagan hefur þegar verið til kynningar í Hafnarstjórn.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða tillögu að nýju deiliskipulagi Hamarshafnar.

6. 2503308 - Kapelluhraun 2. áfangi, breyting á deiliskipulagi

4. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs 3. apríl sl.

Lögð fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun svæðisins og fjölgun lóða. Samhliða er lögð fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns vegna færslu skipulagsmarka.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Kapelluhrauns samhliða breytingu á 1. áfanga Kapelluhrauns.

7. 2503309 - Kapelluhraun 1. áfangi, breyting á deiliskipulagi

5. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 3. apríls sl.

Lögð fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns vegna færslu skipulagsmarka samhliða breytingu á 2. áfanga Kapelluhrauns.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns samhliða breytingu á 2. áfanga Kapelluhrauns.

8. 2407320 - Hraunvangur 7, breyting á deiliskipulagi

6. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 3. apríls sl.

Bæjarstjórn samþykkti þann 15. janúar sl. að kynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hrafnistu, Hraunvangs 7. Tillagan var í kynningu 31.1.-17.3.2025. Athugasemdir, umsagnir og svör skipulagsdeildar lagt fram ásamt uppfærðum uppdrætti.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi með áorðnum breytingum.

9. 2312146 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna borteiga

9. liður úr fundargerð skipulags- og bygginarráðs frá 3. apríl sl.

Tekin á dagskrá breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna borteiga.

Skipulags- og byggingarráð fellur frá tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna borteiga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2312145 - Nýtt deiliskipulag sunnan Hellnahrauns

10. liður úr fundargerð skipulags- og bygginarráðs frá 3. apríl sl.

Tekin á dagskrá tillaga að nýju deiliskipulagi í sunnanverðu Kapelluhrauni fyrir borteiga. Tillagan gerir ráð fyrir 4 lóðum auk lagnaleiða fyrir gas- og vatnslagnir og vegslóða að borteigunum.

Skipulags- og byggingarráð fellur frá tillögu að nýju deiliskipulagi í sunnanverðu Kapelluhrauni fyrir borteiga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2312113 - Hellnahraun 2. áfangi, breyting á deiliskipulagi

11. liður úr fundargerð skipulags- og bygginarráðs frá 3. apríl sl.

Tekin á dagskrá breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir afmörkun nýrrar lóðar auk aðkomu að lóðinni og legu lagna neðanjarðar.

Skipulags- og byggingarráð fellur frá tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga vegna afmörkun nýrrar lóðar auk aðkomu að lóðinni og legu lagna neðanjarðar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2312139 - Hellnahraun 3. áfangi, breyting á deiliskipulagi

12. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 3. apríl sl.

Tekin á dagskrá tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 3. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun svæðisins sem nemur einni lóð, sameiningu lóða Tunguhellu 15 og 17 auk aðkomu að lóðum og lagnaleiðum.

Skipulags- og byggingarráð fellur frá tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 3. áfanga vegna stækkunar á svæðinu sem nemur einni lóð, sameiningu lóða Tunguhellu 15 og 17 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2206164 - Tónlistarskóli og leikhús

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er sammála um mikilvægi þess að vel sé búið að Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, sem nýverið fagnaði 75 ára afmæli sínu, bæði hvað varðar húsnæði og aðbúnað. Af þeirri ástæðu samþykkir bæjarstjórn

Hafnarfjarðar að stofna starfshóp, skipaðan fimm kjörnum fulltrúum, sem hafi það hlutverk að hefja undirbúning að stækkun Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hópurinn skal greina möguleika til viðbyggingar við núverandi húsnæði og/eða uppbyggingu í nærliggjandi mannvirkjum eða annars staðar í bænum. Skal hópurinn vinna áætlun um framkvæmdir og kostnað. Með starfshópnum starfa sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs, skólastjóri Tónlistarskólans og sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs. Starfshópurinn skal að auki hafa samráð við aðra aðila, svo sem kennara við Tónlistarskólann, nemendur, foreldra og forráðamennn nemenda og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn starfar í umboði fræðsluráðs sem setur honum erindisbréf og skipar í hann. Starfshópurinn skili af sér skýrslu og tillögum vegna málsins eigi síðar en 1. ágúst nk.
Greinargerð:
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar hélt 75 ára afmælistónleika sína um síðustu helgi. Engum blöðum er um það að fletta að Tónlistarskólinn er mikilvæg stofnun í hafnfirsku samfélagi, bæði hvað varðar tónlistarmenntun nemenda sem og í menningarstarfi bæjarins. Það er því mjög mikilvægt að vel sé hlúð að starfsemi skólans, nemendum hans og starfsfólki. Lengi hefur legið fyrir að núverandi húsakostur skólans rúmar ekki starfsemi hans með góðu móti og við því þarf að bregðast. Til marks um það þá lagði meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks fram tillögu á fyrsta fundi bæjarstjórnar á þessu kjörtímabili þess efnis að undirbúningur að stækkun Tónlistarskóla Hafnarfjarðar yrði hafinn. Tillagan fól í sér að greindir yrðu möguleikar til viðbyggingar við núverandi húsnæði og að gerð yrði áætlun um framkvæmdir og kostnað. Lítið hefur gerst í málinu síðan en það var síðast til umræðu í umhverfis- og framkvæmdaráði þann 24. ágúst 2022.
Ljóst er að breiður stuðningur er við það innan bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að Tónlistarskóla Hafnarfjarðar verði sköpuð eins góð og traust umgjörð og mögulegt er hverju sinni. Því miður hefur lítið þokast í þeim efnum á yfirstandandi kjörtímabili og því er þessi tillaga um málsmeðferð lögð fram og mikilvægt að hún verði samþykkt svo hægt sé að hefja undirbúning að stækkun Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Fundargerðir

14. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

1. Bæjarráð frá 3. apríl sl.
2. Skipulags og byggingarráðs frá 3. apríl sl.
3. Fræðsluráð frá 2. apríl sl.
4. Umhverfis- og framkvæmdaráð frá 2. apríl sl.
5. Fjölskylduráð frá 1. apríl sl.
6. Hafnarstjórn frá 31. mars sl.

07.04.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri